

Landsmót

Mikilvægar dagsetningar og önnur skipulagsatriði



Landsmót ÆSKÞ Egilsstöðum 26.-28. október 2018

Best er að undirbúningur fyrir landsmót hefjist ekki síðar en í 36. viku þ.e. mánudaginn 3. september.

Landsmót er fyrir unglunga á aldrinum 13-17 ára (fædda 2001-2005). Leiðtogar skulu hafa náð 18 ára aldri þann 26. október. Þátttaka í landsmóti getur verið mikil lyftistöng fyrir æskulýðsstarfið í söfnuðinum. Þema landsmóts í ár eru leikir og hvernig við nýtum þá til að rjúfa félagslega einangrun.

Töluverðan undirbúningur þarf til að koma með á landsmót ef áhugi er á að unglingarnir taki þátt í hæfileikakeppni og fjáröflun. Hér eru smá leiðbeiningar um að hverju þarf að huga.

1

ÞÁTTAKENDUR

Fæddir 2001-2005

2

SJÁLFBODALÍÐAR

Fæddir 2000 og eldri

3

LEIÐTOGAR

Þurfa að hafa náð 18. ára aldri 20. október.



Þema mótsins

Í ár ætlum við að læra fullt af leikjum og læra hvernig þeir geta styrkt sjálfsmynd okkar.



Hnetu og fisk laust mót

Vegna ofnæmis er algjörlega bannað að taka með hnetur og fisk á mótið



Hvernig undirbúum við hópinn?

Á heimasíðunni www.aeskth.is er að finna alla nauðsynlegar upplýsingar.

Kynna
mótið

Vika 36 | 3. - 9. september

Kynna landsmót. Gott að senda kynningu heim með unglingunum. Safna hugmyndum fyrir hæfileikakeppnina.

Sendu leyfis-
bréf

Vika 37 | 10. - 16. september

Hefja fjáröflun. T.d. er hægt að nota www.netsofnun.is, safna flöskum eða halda kökubasar í kirkjunni. Ákveða atriði fyrir hæfileikakeppnina. Munið það má bara vera í mesta lagi 3 mínútur.

Undirbúa
hæfileika-
keppni

Vika 38 | 17. - 23. september

Síðasti séns að senda unglingana heim með leyfisbréf. Í þessari viku er líka ágætt að hafa foreldrafund. Vill kannski eitthvert foreldrið koma með sem leiðtogi á mótið?

Halda
foreldrafund

Vika 39 | 24. september - 30. september

Innheimta staðfestargjald og skrá á landsmót. Síðasti skráningardagur er föstudaginn 5. október. Staðfestingargjaldið er 9.000 kr og óafturkræft. Ekki ætti að skrá unglingana án þess að þeir séu búnir að greiða staðfestingargjaldið þar sem það getur reynst erfitt að innheimta það síðar ef þeir hætta við. Unglingar greiða staðfestingargjald til sinna leiðtoga sem svo greiða rafræna kröfu frá ÆSKP.

Innheimta
staðfestingar-
gjald

Skrá og senda inn atriði fyrir keppnina.

Skrá hópinn á
landsmót

Vika 40 | 1. - 7. október

Rafræn krafa verður send á kennitölu kirkjunnar fyrir greiðslu staðfestingargjalda. Hún eru óafturkræf.

Sendu inn
atriði í
hæfileika-
keppnina

Vika 41 | 8. - 13. október

Peppa hópinn fyrir ferð á landsmót! Athugið að í einhverjum tilfellum þurfa þátttakendur að fá frí í skólanum, minnið foreldra á það.

Borga
rafræna kröfu

Vika 42 | 14. - 21. október

Innheimta afganginn af mótsgjaldinu frá þeim sem ætla að taka þátt í mótinu. Þátttakendur greiða mótsgjald til sinna leiðtoga sem síðan greiða rafræna kröfu frá ÆSKP strax að móti loknu.

Innheimta
afganginn af
mótsgjaldinu

Vika 43 | 22. - 28. október

Lagt af stað á landsmót. Brottfarartímar auglýstir þegar nær dregur.

Leggja af stað
á landsmót!

Svara könnun

Vika 44 | 29. - 4. nóvember

Svara könnun um landsmót. Rafræn krafa fyrir greiðslu mótsgjalda þátttakendanna og leiðtoga send á kennitölu kirkjunnar. Mikilvægt að greiða hana strax til þess að ÆSKP geti greitt

Borga
rafræna kröfu

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Gisting

Gist verður í grunnskólanum á Egilsstöðum. Þátttakendur og leiðtogar þurfa að hafa með sér dýnur. Athugið að tvíbreiðar vindsængur eru ekki leyfilegar nema að tveir sofi á vindsænginni. Vegna fjölda skráninga er nauðsynlegt að nýta plássíð vel. Raðað er í stofur eftir hópum og gista piltar og stúlkur í sitt hvorri stofunni.

Matur

Fyrsta máltíðin á mótinu er á föstudagskvöld og því þurfa þátttakendur að kaupa sér mat eða taka með nesti ef langt er að keyra. Athugið að mikilvægt er að upplýsa landsmótsnefnd um fæðuofnæmi við skráningu þar sem slíkar upplýsingar þurfa að liggja fyrir tímanlega fyrir kokkana. Síðasta máltíð á mótinu er morgunmatur á sunnudegi. Þátttakendur fá svo nesti með sér í rútur.

Athugið að mótið er hnetu og fisklaust, vinsamlegast auglýsið það vel fyrir þátttakendum.

Við viljum ítreka fyrir leiðtogum og þátttakendum að taka með sér fjölnota mál undir heita og kalda drykki.

Mótsstaður

Dagskrá mótsins fer fram í íþróttahúsinu, sundlauginni, skólunum og víðsvegar í bænum. Við verðum sýnileg á Egilsstöðum.

Skráning

Vefslóð: <http://skraning.aeskth.is>

Skráning á mótið fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi ÆSKP. Skráningu lýkur **5. október 2018**.

Allar spurningar er snerta skráningu á Landsmót ÆSKP skal senda á netfangið skraning@aesktth.is.

Reglur um fjölda og aldur leiðtoga

Gerð er sú krafa að 1 leiðtogi fylgi hverjum 7 þátttakendum og með hverjum hópi skulu fylgja að lágmarki 2 leiðtogar. Biðjum við leiðtoga að virða þessa reglu. Hægt er að hafa samband við framkvæmdarstjóra ef æskulýðsfélag er í vandræðum með að manna leiðtogastöður og verður

Fjármála stúss...

Það er ákaflega mikilvægt að leiðtogar haldi vel utan um skráningar og greiðslur. Ef tekið er við greiðslum í reiðufé er góð regla að afhenda unglingnum greiðslukvittun, en kvittanahefti má fá í öllum bókabúðum. Þá er einnig hægt að fletta upp í heftinu og sjá hver hefur borgað.

Mörgum hefur einnig reynst vel að fá fjárhæðirnar lagaðar inn á reikning en þá skiptir máli að foreldrar setji kennitölu eða nafn barns



sem skýrningu og mikilvægt að minna á þetta.

Oft er um töluverðar fjárhæðir að ræða, förum varlega og komum þannig í veg fyrir misskilning og fjárhagsleg vandræði.

Skipulagið

ÆSKÞ sér um framkvæmd mótsins. Skipulagning er á höndum mótsnefndar undir stjórn landsmótsstjóra sem er að þessu sinni Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Aðrir í nefndinni eru:

Bjarni Heiðar, Daníel Ágúst, Eva Björk, Jónína Sif, Jens Elí, Katrín Helga, Kristján Ágúst, Konný Björk, Margrét Heba, Sigurður Óskar, Sóley Adda.

Þá spila sjálfboðaliðar sem og allir leiðtogar mótsins stórt hlutverk í framkvæmdinni.

Við hlökkum til þess að starfa með ykkur á mótinu og eiga ánægjulega helgi saman.

Skrifstofa ÆSKÞ er í Neskirkju.

Netfang:
aeskth@aeskth.is

Sími: 6618485/5111562

Framkvæmdastjóri er:



Sigurður Óskar
Óskarsson

Þá reynt að aðstoða við að finna leiðtoga. Leiðtogar verða að vera orðnir 18 ára þann 26. október 2018 (f.2000).

Margir hafa góða reynslu af því að nýta foreldra sem leiðtoga á mótinu.

Leiðtogar, prestar og aðrir sem fylgja hópum eru skipulagðir á vaktir á mótinu til þess að annast gæslu, afgreiðslu á mat, frágang og annað. Vaktaskrá er afhent við innritun á mótið. Við vekjum athygli á því að allir taki sínar vaktir og séu mættir tímalega.

Sjálfboðaliðar

Þeir ungleiðtogar sem eru 17 ára (f. 2001) og því ekki með aldur til að starfa sem leiðtogar á mótinu geta sótt um að vera í sjálfboðaliðahóp landsmóts. Einnig geta leiðtogar sem eru eldri en 17 ára sótt um að vera í þessum hópi ef þeir eru ekki að fara með hóp á landsmót. Sótt er um rafrænt á vef ÆSKÞ og opnar fyrir umsóknir í byrjun september. Við hvetjum ungleiðtoga af höfuðborgarsvæðinu jafnt sem utan af landi til að sækja um.

Það er mikil vinna sem felst í því að vera sjálfboðaliði á landsmóti. Viðkomandi þarf að búa sig undir mikla vinnu, hjálpa til við uppsetningu á staðnum, þrif og fleira. Ekki komast allir að því einungis er hægt að taka inn 15-20 sjálfboðaliða fyrir hvert mót. Umsóknarfrestur fyrir sjálfboðaliða er til 5. október 2018.

Kröfur um skimun leiðtoga og sjálfboðaliða

ÆSKÞ gerir þá kröfu að allir leiðtogar og sjálfboðaliðar sem koma á landsmót hafi farið í gegnum skimun, þ.e.a.s að búið sé að kanna ákveðin atriði varðandi sakavottorð í samræmi við siðareglur vígðra þjóna og annars starfsfólks þjóðkirkjunnar. Það er á ábyrgð kirkju viðkomandi hóps að slík skimun hafi farið fram.

Hæfileikakeppni æskulýðsfélaganna

Hæfileikakeppnin er af mörgum talin einn af hápunktum landsmóts enda hefur keppnin vaxið mikið síðastliðin ár. Í fyrra tókum við upp þá nýbreyttu að bjóða upp á forkeppni og mæltist það virkilega vel fyrir. Við munum því endurtaka leikinn í ár.

Eins og undanfarin ár þurfa öll atriði sem keppa eiga í hæfileikakeppninni að skila sér til dómnefndar eigi síðar en þremur vikum fyrir mót þ.e. í 40. almanaks viku.

Dómnefndin mun síðan velja 6 atriði sem koma til með að keppa á mótinu sjálfu. Þar verður stigagiöfnni háttað með svipuðum hætti og gert var í söngkeppni evrópskra sjónvarpsstöðva síðustu árin og munu atkvæði æskulýðsfélaganna gilda 50% á móti atkvæðum dómnefndar.

Aðeins er leyfilegt að senda eitt atriði frá hverju æskulýðsfélagi í keppnina. Hámarkslengd á atriði sem tekur þátt í keppninni er 3 mínútur. Það má vera styttra en ekki er leyfilegt að fara yfir þennan tíma. Fari atriði yfir leyfilegan hámarkstíma verða stig dregin af atriðinu.

Þemað - Lifað og leikið

Í ár horfum við í eigin barm, hver erum við og hvað skiptir okkur máli og hvernig eflum við samskipti okkar við náungan. Margir unglingar glíma við félagslega einangrun jafnvel þó svo að framboð af afþreyingu hafi sjaldan verið meira. Margir sáu tölvur og síma sem lausn, með því að sökkva sér inn í þann heim þarf ekki að takast á við þau fjölmörgu og flóknu verkefni sem félagsleg samskipti eru.

Á mótinu í ár ætlum við að kenna unglungunum okkar leiki, reyna að hjálpa þeim að opna sig og njóta staðar og stundar í algleymingi góðs leiks og samveru stundar með vinum. Í leikjum lærum við að treysta bæði okkur sjálfum en líka náunganum.

Við erum sköpunarverk Guðs og líkt og þegar við leggjum okkur fram við að vernda náttúruna þá skiptir máli að við leggjum okkur fram um að vernda, styrkja og efla okkur sjálf. Að einstaklingurinn fái að blómstra.

Yfirskrift mótsins í ár minnir okkur á lífið og hvað það skiptir miklu máli að geta leikið sér, fjársjóðinn sem fellst í því að vera Guðs barn.

Tengsl við hjálparstarfið: Samhliða undirbúningi fyrir landsmót langar okkur að hvetja æskulýðsfélögin til þess að taka þátt í að selja „Gjöf sem gefur“ gjafabréf hjálparstarfsins. Við viljum sérstaklega beina því til æskulýðsfélagana að selja eftirfarandi bréf og skrá hjá sér fjölda seldra bréfa.

Skoðið endilega: <http://www.aeskth.is/landsmot-2017/onyttlandsmot/> og <http://www.gjofsemgefur.is>

Reglur Landsmóts ÆSKÞ

1. Munum gullnu regluna og förum eftir henni
2. Umgengni lýsir innri manni. Göngum um allt húsnæði með virðingu. Valdi þátttakandi skemmdum á húsnæði og/eða eigum Húnaþings vestra, ÆSKÞ eða annarra er honum gert að bæta tjónið.
3. Á auglýstum kyrrðartíma eiga allir að vera komnir á sína svefnstaði og forðast háreysti.
4. Skyldumæting er á alla auglýsta dagskrá mótsins nema annað sé sérstaklega teki fram.
5. Þátttakendum ber að hlýða leiðtogum sinnar kirkju, starfsfólki og landsmótsstjóra.
6. Orkudrykkir eru bannaðir á landsmóti.
7. ÆSKÞ ber ekki ábyrgð á verðmætum (s.s. sínum, spjaldtölvum, fartölvum, farangri eða öðru) sem þátttakendur eða leiðtogar taka með sér á mótið.
8. Meðferð og neysla áfengis og annarra vímuefna er óheimil á landsmóti. Haft verður skilyrðislaust samband við forráðamenn þeirra sem brjóta þessa reglu og viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.
9. Reykingar eru ekki leyfðar á mótinu. Við fyrsta brot verður haft samband við forráðamenn. Verði reykinga aftur vart verður viðkomandi sendur heim á þeirra kostnað.